

## Dæmi um útreikning tryggingafjárhæðar og iðgjalds ný leyfi

Tryggingafjárhæð byggist á tryggingaskyldri veltu.

Við mat á fjárhæð tryggingar skulu fundin eftirfarandi gildi:

- G: Grunntala sem er meðaltal heildar tryggingaskyldrar veltu tveggja tekjuhæstu mánaða rekstrarárs.
- N: Veginn meðalfjöldi daga frá fullnaðargreiðslu þar til ferð hefst (ef greitt er fyrir pakkaferð eða samtengda ferðatilhögun í tveimur eða fleiri greiðslum að frátalinni staðfestingargreiðslu skal reikna N-gildið á grundvelli hlutfalls af heildarverði sem móttekið er á hverjum tíma).\*
- h: Meðalhluftfall staðfestingargreiðslna af heildargreiðslum\*\*
- d: Vegin meðallengd ferða í dögum.\*\*\*

Gildin eru fundin fyrir yfirstandandi og komandi rekstrarár.

Reikna skal grunntryggingafjárhæð GT með eftirfarandi reiknireglu:  $GT = G \cdot (N/30) + G \cdot h + G \cdot d/30$ .

### Dæmi um útreikning grunntryggingafjárhæð GT:

Ár 1 (yfirstandandi ár)

Tryggingaskyld velta ferðaskrifstofu dreifist með eftirfarandi hætti á mánuði ársins:

Janúar	15.345.000
Febrúar	17.800.000
Mars	22.497.000
Apríl	21.800.000
Maí	19.379.000
Júní	36.800.000
Júlí	33.200.000
Ágúst	29.050.000
September	27.595.000
Október	15.900.000
Nóvember	26.800.000
Desember	11.900.000
	278.066.000

Tveir söluhæstu mánuðir eru júní og júlí, reiknuð er meðaltals velta þeirra =>  $G = 35.000.000$ .-

Skv. framlögðum gögnum eru önnur gildi eftirfarandi:

$N = 42$  (meðalfjöldi daga frá því ferð er greidd að fullu þar til hún hefst)

$h = 10\%$  (meðalhluftfall staðfestingargreiðslna af heildargreiðslum)

$d = 8$  (meðallengd ferða í dögum)

Grunntryggingafjárhæð GT er reiknuð með eftirfarandi reiknireglu:  $GT = G \cdot (N/30) + G \cdot h + G \cdot d/30$ .

$$GT = 35.000.000 \cdot 42/30 + 35.000.000 \cdot 0,10 + 35.000.000 \cdot 8/30$$

$$GT = 49.000.000 + 3.500.000 + 9.333.333$$

$$GT = 61.833.333$$

## Ár 2 (komandi ár)

Tryggingaskyld velta ferðaskrifstofu dreifist með eftirfarandi hætti á mánuði ársins:

Janúar	17.000.000
Febrúar	16.972.000
Mars	25.897.000
Apríl	43.500.000
Maí	20.786.000
Júní	36.500.000
Júlí	33.890.000
Ágúst	28.700.000
September	30.896.000
Október	20.578.000
Nóvember	20.900.000
Desember	11.900.000
	307.519.000

Tveir söluhæstu mánuðirnir eru apríl og júní, reiknuð er meðaltals velta þeirra => G = 40.000.000

Skv. framlögðum gögnum eru önnur gildi eftirfarandi:

N = 40 (meðalfjöldi daga frá því ferð er greidd að fullu þar til hún hefst)

h = 10% (meðalhluftall staðfestingargreiðslna af heildargreiðslum)

d = 7 (meðallengd ferða í dögum)

Grunntryggingafjárhæð GT er reiknuð með eftirfarandi reiknireglu:  $GT = G \cdot (N/30) + G \cdot h + G \cdot d/30$

$GT = 40.000.000 \cdot 40/30 + 40.000.000 \cdot 0,10 + 40.000.000 \cdot 7/30$

$GT = 53.333.333 + 4.000.000 + 9.333.333$

$GT = 66.666.666$

### Tryggingafjárhæð:

Þegar grunntryggingafjárhæð (GT) hefur verið fundin er tryggingafjárhæð ákvörðuð skv. eftirfarandi:

Fundin er tryggingaskyld velta (V) síðasta rekstrarár og hlutfallið a(V).

Hlutfallið a(V) skal vera:

12% ef ársvelta er minni en 300 mkr.,

12% -  $6\% \cdot (V - 300 \text{ mkr.}) / 700 \text{ mkr.}$  ef V er milli 300 mkr. og 1 ma.kr.,

6% -  $2\% \cdot (V - 1 \text{ ma.kr.}) / 1 \text{ ma.kr.}$  ef V er milli 1 og 2 ma.kr.

Max (4% -  $2\% \cdot (V - 2 \text{ ma.kr.}) / 3 \text{ ma.kr.}$ , 2%) ef V er stærra en 2 ma.kr.

Tryggingafjárhæð verður  $T = a(V) \cdot GT$ .

Niðurstaða síðasta og yfirstandandi rekstrarárs skulu bornar saman og sú niðurstaða gilda sem tryggingafjárhæð sem hærra er.

Þar sem nýjar ferðaskrifstofur eru eðli málsins samkvæmt ekki með tryggingaskyldu á næstliðnu rekstrarári er hlutfallið a(V) í öllum tilfellum 12% vegna nýrra leyfa.

Tryggingafjárhæð T miðað við ár 1 = 7.420.000. (12% af 61.833.333)

Tryggingafjárhæð T miðað við ár 2 = **8.000.000.** (12% af 66.666.666)

**Ákvörðuð tryggingafjárhæð ferðaskrifstofunnar verður kr. 8.000.000.-, sú niðurstaða ræður sem hærra er.**

**Iðgjald miðað við 2,5% af tryggingafjárhæð (þetta hlutfall getur verið á bilinu 2,5% til 10%) kr. 200.000.-.**

\*Dæmi um útreikning á N:

Staðfestingargreiðslur eru 10% af heildarverði ferðar. 60 dögum fyrir brottför skal greiða helming eftirstöðva eða 45% af heildarverði ferðar (60 dögum fyrir brottför eru 55% af heildarverði móttækin). Ferð skal svo greiða að fullu 20 dögum fyrir brottför.

N reiknast þannig:  $55\% \times 60 + 45\% \times 20 = 32$ .

N er 32 dagar.

\*\* Hlutfall staðfestingargreiðslna er reiknað með því að leggja saman heildar staðfestingargreiðslur yfir árið og deila með heildarsöluverði allra ferða.

\*\*\* Dæmi um útreikning á d:

Í ferð eru 150 ferðamenn, 70 manns dvelja í 7 daga, 50 manns dvelja í 10 daga og 30 dvelja í 14 daga.  $70 \times 7 + 50 \times 10 + 30 \times 14 = 1.410$  heildar ferðadagar deilt með heildarfjölda ferðamanna:  $1.410/150 = 9,4$ .